



561. fundur stjórnar SASS

Haldinn að Austurvegi 56 Selfossi

4. september 2020, kl. 13:00 – 16:00

Mætt/þátttakendur: Eva Björk Harðardóttir formaður, Helgi Kjartansson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Björk Grétarsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson og Grétar Ingi Erlendsson. Ari Björn Thorarensen boðaði forföll og í hans stað mætti Brynhildur Jónsdóttir. Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Jóna Sigríður Guðmundsdóttir tengdust fundinum í gegnum fjarfundarhugbúnað. Einnig Þórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri Þróunarsviðs (dagskrárliður 4.), Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri HfSu (dagskrárliður 6.b), Páll Marvin Jónsson, verkefnastjóri Þekkingarseturs Ölfus (dagskrárliður 6.d) og Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður setur fundinn og býður fundarmenn velkomna.

1. Fundargerðir

Fundargerðir 558. til 560. funda staðfestar og undirritaðar.

2. Ársþing SASS 2020

a. Dagskrá ársþings og aðalfundar

Formaður og framkvæmdastjóri kynna uppfærð drög að dagskrá komandi ársþings og aðalfundar SASS sem að óbreyttu fer fram á Stracta hótelinu á Hellu 29. – 30. október n.k. Lagt er til að fulltrúar Rangárþings ytra, þau Björk Grétarsdóttir oddviti og Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri verði fundarstjórar á þinginu og að Rósa Sif Jónsdóttir, úr Sveitarfélaginu Árborg, verði fundarritari og var það samþykkt.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að uppfæra dagskrána í samræmi við umræður á fundinum.

b. Starfsskýrsla SASS 2019 – 2020

Er í vinnslu hjá starfsmönnum samtakanna.

c. Tillaga að launum stjórnar, ráða og nefnda

Gert er ráð fyrir að tillaga að launum stjórnar, ráða og nefnda á vegum SASS verði óbreytt frá fyrra ári. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

d. Drög að fjárhagsáætlun SASS 2021

Framkvæmdastjóri kynnir að unnið væri að gerð fjárhagsáætlunar samtakanna fyrir árið 2021. Rætt er um hvaða forsendur eigi að liggja til grundvallar. Samþykkt að fela formanni og



framkvæmdastjóra að leggja drög að fjárhagsáætlun fyrir næsta fund stjórnar sem mið taka af umræðu á fundinum. Fyrir þann fund verða einnig lagðar fram skýringar með fjárhagsáætlun.

3. **Menningarverðlaun Suðurlands 2020 - Sóknaráætlun Suðurlands**

Stjórn SASS samþykkir að skipa Magnús Karel Hannesson, Björk Grétarsdóttur og Dagný Huldu Jóhannsdóttur í valnefnd um úthlutun á Menningarverðlaunum Suðurlands 2020 sem eru hluti af Sóknaráætlun Suðurlands. Til vara eru Ása Berglind Hjálmarsdóttir og Kristján Guðnason. Anna Margrét hjá SASS verður nefndinni til aðstoðar.

4. **Hagtölur um atvinnulíf á Suðurlandi með sérstakri áherslu á ferðaþjónustu**

Pórður Freyr Sigurðsson kynnir helstu niðurstöðu í nýbirtri greiningu SASS á hagtölum um atvinnulíf á Suðurlandi með sérstakri áherslu á ferðaþjónustu, en gögnin má finna á heimasíðu SASS, www.sass.is.

Stjórn þakkar fyrir greininguna á hagtölum um atvinnulífið. Hér eru á ferðinni dýrmætar og þarfar upplýsingar um stöðu sveitarfélaganna á Suðurlandi og áhrifa ferðaþjónustunnar á rekstur þeirra. Stjórn þakkar Hrafni Sævaldssyni og Pórði Frey Sigurðssyni fyrir skýra og vel unna greiningu.

5. **Menntaverðlaun Suðurlands 2020**

Stjórn SASS samþykkir að skipa Sigurð Sigursveinsson og Ásgerði Kristínu Gylfadóttur í samstarfshóp um úthlutun Menntaverðlauna Suðurlands 2020. Til vara er Arna Ír Gunnarsdóttir og Friðrik Sigurbjörnsson. Anna Margrét hjá SASS verður hópnum til aðstoðar.

6. **Önnur mál til kynningar og umræðu**

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka.

Lögð fram til kynningar, fundargerð 155. fundar stjórnar SSV, fundargerð 758. fundar stjórnar SSS, fundargerð 109. fundar stjórnar Austurbrúar, fundargerð 58. fundar stjórnar SSNV, fundargerð 11. fundar stjórnar SSNE, fundargerð 500. fundar stjórnar SSH, fundargerð 886. fundar stjórnar sambandsins og fundargerð 62. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins.

b. Fagháskólanám í hagnýtum leikskólafræðum

Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri Háskólafélag Suðurlands, fjallar um tilurð og stöðu verkefnisins *Fagháskólanám í hagnýtum leikskólafræðum* sem er samstarfsverkefni SASS, Háskóla Íslands, Háskóla Íslands og Keilis.



c. Þátttaka í stafrænu ráði sveitarfélaga

Formaður kynnir bréf dags. 6. ágúst 2020 frá Karli Björnssyni, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga. Óskað er eftir að stjórn SASS skipi fulltrúa í stafrænt ráð sveitarfélaga. Ráðinu er ætlað að styðja við stefnumótun og forgangsröðun um stafræna framþróun sveitarfélaga og að til verði samstarf sveitarfélaga á landsvísu um þau mál.

Stjórn SASS samþykkir að skipa Friðrik Sigurbjörnsson í stafrænt ráð sveitarfélaga.

Formaður sagði frá fyrirhuguðum fjarfund sem halda á með sveitarfélögum fimmtán á Suðurlandi þar sem Fjóla María Ágústsdóttir, breytingastjóri stafrænnar þjónustu hjá sambandinu, fer yfir stöðu stafrænna mála.

Stjórn samþykkir að skipaður verði faghópur með fulltrúum sveitarfélaga á Suðurlandi. Faghópurinn verði nýskipuðum fulltrúa landshlutans í stafrænu ráði sveitarfélaga til stuðnings við miðlun upplýsinga til sveitarfélaganna í landshlutanum. Framkvæmdastjóra er falið að kalla eftir tilnefningum sveitarfélaganna á fulltrúum í faghópinn og undirbúa erindisbréf.

d. Kynning á Þekkingasetrinu í Ölfusi (ÞÖS)

Páll Marvin Jónsson, verkefnastjóri ÞÖS, kynnir hugmyndir um stofnun og uppbyggingu á Þekkingasetrinu í Ölfusi.

e. Lýðfræðilegt Gagnatorg SASS til Byggðastofnunar

Samkomulag hefur náðst á milli SASS og Byggðastofnunar um að stofnunin taki við rekstri og umsjón með lýðfræðilega Gagnatorginu sem SASS hefur komið á laggirnar.

f. Önnur mál

- Formaður kynnir erindi frá sjónvarpsstöðinni N4 á Akureyri um mögulega þátttöku Sunnlendinga í þáttagerð í sjónvarpi. Þættirnir eiga að fjalla um samfélagið á Suðurlandi. Gert er ráð fyrir að formaður og framkvæmdastjóri eigi fund með fyrirsvarsmönnum stöðvarinnar en þátttaka í gerð sjónvarpsþátta verður á forsendum sveitarfélaganna.

– Jafningjafræðsla

Formaður segir frá afmælis- og áhersluverkefninu sem felst í jafningjafræðslu á Suðurlandi. Fjórir jafningjafræðarar hafa verið að störfum frá í maí sl. Fræðslutímabilið var í júní og júlí sl. Flest sveitarfélögin á Suðurlandi voru heimsótt en þau eru ekki öll með vinnuskóla og eitt er í beinu samstarfi við Hitt húsið. Yfir 600 unglingar fengu fræðslu. Stefnt er að fræðslu í öllu grunnskólum Suðurlands á haustmánuðum þar sem einn árgangur fær heimsókn. Samkvæmt könnun sem gerð var meðal þeirra sem sóttu námskeiðið var ánægja með fræðsluna.

- Fyrir liggja drög að samningi við umhverfisráðuneytið um möguleika á gerð Úrgangsgagnatorgs fyrir Ísland. Landshlutasamtökin eru aðilar að samningnum og verkefnið verður unnið í nánú samstarfi við sveitarfélögin, sambandið og Umhverfisstofnun.



- Stjórn SASS áréttar nauðsyn þess að félags- og barnamálaráðherra gangi strax frá nýjum samningi um ART verkefnið og að gildistími hans sé til fimm ára þannig að hægt verði að eyða óvissu og halda áfram þessu mikilvæga verkefni.
- Stjórn SASS áréttar mikilvægi greiðra samgangna til Vestmanneyja hvort sem það er með Herjólfri eða í flugi. Tryggja þarf aðgengi íbúa að öruggri heilbrigðis- og sérfræðipjónustu sem ekki fæst heima fyrir og þarf um langan veg að sækja.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 2. október kl. 13:00.

Fundi slitið kl. 15:45.

Eva Björk Harðardóttir
Helgi Kjartansson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Björk Grétarsdóttir
Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir
Grétar Ingi Erlendsson
Friðrik Sigurbjörnsson
Brynhildur Jónsdóttir